

Ræða Lárusar Welding, formanns Samtaka fjármálafyrirtækja, 10.04.08

Glæra 1 (forsíðuglæra)

Góðir fundarmenn,

Fjármálafyrirtæki heimsins eru um þessar mundir ganga í gegnum eina þá mestu þolraun sem þau hafa þreytt undanfarna áratugi.

Lærdómskúrfa starfsfólks og stjórnenda íslenskra fjármálafyrirtækja hefur sjaldan eða aldrei verið jafn brött.

Það góða við slíkar aðstæður er að þær færa fjármálafyrirtækjum og starfsmönnum þeirra verðmæta reynslu og þekkingu. Við slíkar aðstæður verða valkostir stjórnenda skýrari skýrari og áherslur skarpari.

Það hefur verið afar ánægjulegt að sjá hvernig hugvit og áræðni starfsmanna íslensku fjármálafyrirtækjanna nýtist ekki eingöngu á uppgangstímum heldur einnig þegar kreppir að.

Áhlaup síðasta mánaðar hefur vissulega reynt á þolrif starfsmanna okkar og í raun kerfisins í heild, einnig fært okkur heim sanninn um styrk og traustar undirstöður íslensku fjármálafyrirtækjanna.

Fjármálageirinn hefur vaxið hraðast allra atvinnugreina á Íslandi á undanförunum árum. Hann greiddi á síðasta ári um helming af þeim skatttekjum sem ríkissjóður fékk frá fyrirtækjum landsins og hann hefur einnig lagt mikið til samfélagsins, svo sem með framlögum til ýmissar menningar- og góðgerðarmála.

Það er afar mikilvægt fyrir stækkandi þjóð að styrkja og fjölga stöðum atvinnulífsins, og því hljótum við öll að fagna þeim skrefum sem stigin hafa verið.

Þær raddir hafa heyrst hér innanlands á síðustu vikum og mánuðum sem hafa dregið í efa getu fjármálageirans til að standa undir framtíðar hagvexti á Íslandi.

Það er kannski ekkert skrítið þegar gefur á bátinn jafn hressilega og undanfarið að slíkar vangaveltur komi upp. En í þeim efnum má ekki blindast af ágjöf dagsins, því stundum getur verið nauðsynlegt að stíga eitt skref aftur á bak, meta aðstæður og halda síðan áfram.

Við skulum ekki gleyma því að alþjóðavæðing íslenska viðskiptalífsins hefur að miklu leyti verið knúin áfram af drifkrafti íslensku fjármálafyrirtækjanna.

Afraksturinn af því er að eignir og tekjur íslenskra fyrirtækja eru nú mun dreifðari en áður hefur verið. Fyrirtækin eru því ekki eins viðkvæm fyrir sveiflum á heimamarkaði eins og áður tíðkaðist.

Það felast mikil tækifæri í frekari vexti og viðgangi íslenskra fjármálafyrirtækja. Stjórnvöld hafa sýnt í verki að þau skilja mikilvægi þessarar atvinnugreinar fyrir íslensk efnahagslíf og samfélag.

Að mínu mati er brýnt að halda áfram að vinna að hugmyndum um alþjóðlega fjármálamiðstöð hér á landi.

Grunngerð íslenska fjármálamarkaðarins gerir slíkt raunhæft, skattalegt umhverfi er hagstætt, lagaumhverfið traust og menntunarstig hátt.

Mikilvægt er að halda áfram að hlúa að og efla ennfrekar innviði fjármálamarkaðarins og hafa stjórnvöld í aukun mæli verið að átta sig á þessu.

Til dæmis hefur starfsemi Fjármálaeftirlitsins tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Eins og fram hefur komið hjá erlendum erlendum greiningaraðilum þá stenst starfsemi þess fyllilega samanburð við systurstofnanir þess í nágrannalöndunum.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir að hún stefni að því að tryggja að fjármálastarfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði.

Þetta er mjög jákvætt.

Í ljósi þessa skýtur skökku við að stjórnvöld skuli enn sjálf reka banka sem nýtur ýmissa forréttinda og keppir í skjóli þeirra um viðskiptamenn við fjármálafyrirtæki á frjálsum markaði. Sú ráðstöfun er nú til rannsóknar hjá ESA, (Eftirlitsstofnun EFTA) auk þess sem hún hefur verið harðlega gagnrýnd af fjölda virtra innlendra sem erlendra aðila, eins og IMF, OECD og Seðlabanka Íslands.

Það má spyrja, hvort núverandi vandi peningastefnunnar og ójafnvægi efnahagkerfisins megi að hluta til rekja til þess, að skipulagi Íbúðalánasjóðs var ekki breytt samhliða því að Seðlabanka var gert að taka upp verðbólguþakið.

Samtök fjármálafyrirtækja hafa frá stofnun átt góð samskipti við stjórnvöld. Ég tel tímabært að formfesta þau samskipti til framtíðar og komið verði upp samstarfsvettvangi stjórnvalda og fjármálamarkaðar þar sem á hverjum tíma verði vegið og metið hvað gera megi að styrkja grundvöll fjármálastarfsemi í landinu enn frekar.

Með hliðsjón af reynslu annarra þjóða næst enginn árangur í þeim eignum nema með náinni samvinnu ríkisstjórnar, Seðlabanka, Fjármálaeftirlits og aðila á fjármálamarkaði.

Þannig verði einnig tryggt að þeim tillögum sem fram koma sé hrint í framkvæmd jafnóðum. SFF, sem sameiginlegur vettvangur fjármálamarkaðar á Íslandi, lýsa sig reiðubúin í að leiða það brýna verkefni.

Horfum nú aðeins á atburði undanfarinna mánaða og hvaða reynslu við getum dregið af þeim fyrir framtíð fjármálafyrirtækjanna.

Það sem mestu skiptir er að tækifærin í fjármálageiranum verða ekki nýtt nema íslensk fjármálafyrirtæki njóti stöðugleika í grunneiningu fjármálakerfisins sem er myntin.

Hér er um brýnt hagsmunamál fyrir fjármálafyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni að ræða. Þau þurfa efnahagslegt jafnvægi líkt og aðrar atvinnugreinar til þess að geta vaxið og dafnað

Ágætu fundarmenn

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hafa stórir þekktir erlendir bankar tapað stórum fjárhæðum á skuldavafningum tengdum undirmálslánnum frá Bandaríkjunum.

Sem dæmi dæmi má nefna hefur UBS bankinn tilkynnt um samtals 38 milljarða dollara afskriftir sökum þessa – en það jafngildir um heildar lánsfjárförf allra íslensku bankanna erlendis.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því flestir íslensku bankanna hafa gætt þess að halda sig frá slíkum afurðum, ólíkt ýmsum evrópskum og bandarískum bönkum.

Að mínu mati höfum við því miður ekki notið sannmælis né góðs af þeirri varkárni.

Skuldatryggingaálag íslensku bankanna hefur farið í hæstu hæðir á undanförunum mánuðum. Þær raddir hafa gerst stöðugt háværari að álagið sé úr öllu samhengi við þá raunháettu sem tengist íslensku bönkunum.

Ég er sammála þessu og bendi í því sambandi á að íslensku bankarnir standast vel álagspróf Fjármálaeftirlitsins og lánsþæfismatsfyrirtækisins Moody's

Þótt margir séu undrandi yfir því hversu hart hefur verið sótt að íslenskum bönkum og efnahagslífi undanfarna mánuði, þá er slíkt viðbúið þegar kreppir að og allir keppast við að benda hver á annan þegar spurt er hvar vandinn sé mestur.

Þannig hafa erlendir aðilar keppst við að benda á meinta veikleika í íslenska hagkerfinu. Hérlendir bankar hófu strax og vandinn hófst, að stíga skref til að lágmarka enn frekar áhættu í rekstrinum, með auknum innlánnum og með því að hægja verulega á sinni starfsemi, sérstaklega í útlánnum og á fjárfestingarbankasviði.

En fjármálafyrirtækin voru ekki ein um það að bregðast við breyttum aðstæðum. Seðlabanki Íslands hefur einnig unnið hörðum höndum að því að styrkja og efla undirstöður fjármálakerfisins, sem og stjórnvöld.

Menn eru gjarnir á að krefja stjórnvöld og Seðlabanka um svör og upplýsingar um það hvernig þau hyggjast bregðast við breyttum aðstæðum.

Ég tel hyggilegast að veita þessum aðilum svigrúm til þess að vinna að þessum úrlaunarefnum sínum. Sá vandi sem við eigum við að glíma verður ekki leystur í fjölmiðlum.

Nokkuð hefur mætt á SFF sem sameiginlegum vettvangi greinarinnar. SFF hafa verið í nánum tengslum við þau aðildarfélög sem standa í eldflínunni í þessum efnunum.

Fyrirtæki á markaði taka oft hagsmunagæslu sem sjálfsögðum hlut, enda sjálf upptekin af eigin rekstri. Það er oft ekki fyrr en á reynir sem þau átta sig á mikilvægi þess að eiga sér sameiginlega vettvang.

Góðir fundarmenn.

Þegar ég tók þá ákvörðun að taka við starfi forstjóra Glitnis óraði mig ekki fyrir þeim áskorunum sem framundan voru á íslenskum fjármálamarkaði.

Til þess að takast á þær áskornir tel ég brýnt að fjármálafyrirtækin og stjórnvöld haldi áfram að vinna náið saman. Með því mun okkur takast að komast útúr því umróti sem nú ríkir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Það er mikilvægt að allir aðilar sem fjalla um viðfangsefnið geri það af yfirvegun.

Orð duga skammt á á fjármálamarkaði – þar eru það verkin – og afkoman, sem skipta máli.

Þökk fyrir!